

Um einkennisstafi og nöfn á loftförum Landhelgisgæslunnar (LHG) Endurnýjað 13. febrúar 2013

Loftför LHG (Dash 8 flugvél og þyrlur) eru auðkennd á tvennan hátt:

1) með einkennisstöfum, 2) með nafni.

Oft er þessum tveimur mismunandi auðkennum blandað saman þannig að hvort tveggja þjagast en ritháttur hvors um sig lýtur ákveðnum reglum sem rétt og skylt er að virða.

Einkennisstafir íslenskra loftfara

Einkennisstafirnir eru alltaf fimm og eru þeir í senn alþjóðlegt auðkenni loftfarsins og fjarskiptakallmerki (LHG notar þó oftast annað kallmerkjakerfi í fjarskiptum). Stafirnir þurfa að vera alþjóðlegir en það þýðir að ekki má nota séríslenska stafi eins og breiða sérhljóða, t.d. í og á. Einkennisstafirnir eru allir ritaðir sem hástafir og alltaf eins, þ.e.a.s. aldrei má túlka þá sem orð með rithætti eða beygingu. Allir einkennisstafir byrja á TF sem er fjarskiptakallmerki Íslands sem því var úthlutað fyrir rúmum 90 árum. TF er alls ekki skammstöfun og tengist ekki nafni loftfars á nokkurn hátt. Stafirnir þrír á eftir TF eru svo stafir viðkomandi loftfars. Dæmi: Elsta þyrla LHG er TF-LIF.

Nöfn loftfara LHG

Öll loftför LHG bera nöfn sem upprunnin eru í norrænni goðafræði. Eins og vænta má taka þau beygingu og lúta rithætti íslenskra nafna (sjá heimasíðu LHG, www.lhg.is).

Loftför LHG, yfirlit um einkennisstafi og nöfn

Flugvél, Bombardier Dash 8

Einkennisstafir: **TF-SIF** (ekki TF-Sif; ekki beygt sem orð: TF-Sifjar).

Nafn: **Sif** (ritað þannig, ekkert TF á undan, eignarfallið er Sifjar).

Þrjár þyrlur, allar Eurocopter Super Puma

1) **Einkennisstafir:** **TF-LIF** (ekki TF-LÍF; ekki TF-Líf; ekki eignarfall TF-Lífar).

Nafn: **Líf** (ritað þannig, ekkert TF á undan, eignarfallið er Lífar).

2) **Einkennisstafir:** **TF-GNA** (ekki TF-GNÁ; ekki TF-Gná).

Nafn: **Gná** (ritað þannig, ekkert TF á undan, eignarfallið er Gnár).

3) **Einkennisstafir:** **TF-SYN** (alls ekki TF-SÝN eða TF-Sýn/TF-Sýnar).

Nafn: **Syn** (ritað þannig, ekkert TF á undan, eignarfallið er Synjar).

Velja má um auðkenni þegar sagt er frá loftfari en þá verður að rita auðkennið rétt: Áhöfn þyrlunnar *Gnár* (eða) áhöfn þyrlunnar TF-GNA. Jafnan fer betur á því að nota nafnið.

Höfundur: Völundur Jónsson Kópavogi, vlj@simnet.is. Ofangreint er staðfest af LHG.